


**Afstöðumynd**
mkv. 1:500

**KÓLNUNARTÖLUR (hámarksgildi):**

| | |
|---|---|
| Útveggir | 0.4 W/m2K |
| Útv. (vegið meðaltal) | 0.85 W/m2K |
| Þak | 0.2 W/m2K |
| Gólf á fyllingu | 0.3 W/m2K |
| Gluggar og gler | 2.0 W/m2K |
| Hurðir | 3.0 W/m2K |

**SKÝRINGAR:**

HV= Inntak hitaveitu
VV= Inntak vatnsveitu
RV= Inntak rafveitu
S= Inntak síma
L= Loftræst rými
NF= Niðurfall
ÞNF= Þakniðurfall

**BRUNATÁKN:**

BO STÆRÐ Björgunarop
EI-60 Veggir og hæðaskil með merktri brunamótstöðu.
EICS-60 Hurðir og gluggar með merktri brunamótstöðu.

Samþykkt þann
07 FEB. 2007
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Kristján Þórarinsson

**A** - 22.01.2007 - breyting á eldhúsi og sjónvarpsholi




**Grunnmynd**
mkv. 1:100

## BYGGINGARLÝSING

Húsið er er staðsteypt á hefðbundinn hátt og hvílir á sökkli og plötu úr járnbentri steinsteypu. Á húsinu er timburþak klætt bárujárni. Innveggir eru ýmist staðsteyptir eða úr grind klæddri gipsi.

1-ÞAK. Þak er gert úr 225x50mm sperrum sem hvíla á steyptum útveggjum og steyptum bitum. Einangrað með 200mm þakull, klætt með borðaklæðningu, þar ofan ákemur soðin pappaklæðning og bárujárn á lektugrind. Neðan á sperrur er loftaklæðning, fest á raflagnagrind. Þakhalli er 6°.

2-ÚTVEGGIR. Útveggir eru staðsteyptir á hefðbundinn hátt, og einangrað að innan. Húsið er múrað að utan með kvartsáferð - litir eru ljósgrár og dökkgrár. Vönduð timburklæðning á framhlið - t.d. sedrus.

3-GLUGGAR. Gluggar eru hefðbundnir timburgluggar settir eftirá í útvegg. Tvöfalt K-gler er í gluggum og 14mm loftbil.

4-SÖKKULL OG GÓLFPLATA. Sökkull og gólfplata eru úr járnbentri steinsteypu. Einangrað með 100mm steinullareinangrun.

5-INNVEGGIR. Innveggir eru ýmist staðsteyptir eða úr 90mm grind klæddri gipsi. Veggiklæðningar í bílageymslu eru í flokki 1 - aðrar klæðningar eru amk í flokki 2.

6-LAGNALEIÐIR. Neysluvatnslagnir eru rör í rör plastlagnir í gólfplötum með deilikistum í bílskúr. Gólfhitalagnir verða í húsinu, en lagnir að ofnum verða rör í rör plastlagnir.

7- STÆRÐIR SKV. SKRÁNINGARTÖFLU:

Heildarflatarmál / birt flatarmál: 219,0m2
Heildarrúmmál: 829,2m3
Skiptarrúmmál: 694,062m3

Lóðarstærð er 615,1m2, nýtingarhlutfall=0,36

VERKSTÆÐI ARKITEKTA ehf - Gunnarssundi 5 - 220 Hfj. - sími: 565 9779
KÁRI EIRÍKSSON arkitekt FAÍ - kt: 070365-4059 - email: kari@aok.is - www.aok.is

aOK!

| | |
|---|---|
| verk | **Fjóluvellir 11 - Hafnarfjörður** **EINBÝLISHÚS** |
| teikning | **Grunnmynd** **Afstöðumynd - Lýsing** |
| teikning nr. | **0516 201** |
| | **AÐALUPPDRÁTTUR** |
| hannað | KE |
| teiknað | KE |
| dags. | 12.sept 2005 |
| mkv. | 1:100 / 500 |
| tölvuskrá | 0516-201.dwg |
| prentað | |
| blaðstærð | **A2** |

**Öll mál eru í millimetrum. Öll vafaatriði skal bera undir hönnuð.**
**Mælið ekki af teikningum, öll mál athugist á staðnum.**
**Öll afnot og afritun teikningar, að hluta eða í heild, er háð skriflegu leyfi höfundar.**